



96. fundargerð háskólaráðs Háskólans á Hólum (HH)

8.júní 2023, kl. 17:00-18:30 á Hólum og á Teams.

Fundinn sátu: Hólmfríður Sveinsdóttir (rektor), Lilja S. Pálmadóttir, Laufey Haraldsdóttir,

Róbært Smári Gunnarsson og Guðrún Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Á Teams var Sveinn Margeirsson. Einar K. Guðfinnsson forfallaðist.

1. Dagskrá fundarins samþykkt.
2. Fundargerðir 94. og 95. samþykktar.
3. Stutt kynning og yfirferð á háskólaráðsfulltrúum Háskólans á Hólum. Fulltrúar starfsmanna eru Guðrún Stefánsdóttir og Laufey Haraldsdóttir og varamenn þeirra eru Anna Guðrún Edvardsdóttur og Kára Heiðar Árnason. Fulltrúi ráðuneyti háskóla-, iðnaðar og nýsköpunar er Lilja Sigurlína Pálmadóttir og varamaður hennar er Gísli Gunnarsson. Fulltrúi nemenda er Róbært Smári Gunnarsson. Róbært mun brautskrást á morgun (9. júní) en fordæmi eru fyrir því að brautskráðir nemendur sitji áfram sem fulltrúar nemenda. Háskólaráð velur two fulltrúa og hefur samþykkt sbr. fundargerð 95. að fá Einar K. Guðfinnsson (sem gefur kost á sér) inn í stað Jóns E. Friðrikssonar og Sveinn Margeirsson hefur samþykkt að sitja áfram. Laufey mun hafa samband við Berglindi Viktorsdóttur og óska eftir setu hennar sem varamanns, en háskólaráð hefur samþykkt að hún verði varamaður Einars og Sveins.
4. Kosning ritara. Í upphafi fundar var rætt að Guðrún og Laufey muni skipta með sér að rita fundargerðir hjá Háskólaráði og var það samþykkt.
5. Húsnæðismál skólans. Rætt var um mygluna í aðal-skólahúsini. Það kom nýr aðili (Kristján Rafn Harðarson) í síðustu viku frá Framkvæmdasýslu Ríkiseignum (FSRE) og skoðaði húsið. Hann vildi helst loka efstu hæðinni og að þangað fær enginn inn, en beðið var um frest á því frá skólanum sem og áætlanir frá FSRE um hvernig best væri að standa að því, þar sem þarna eru enn ýmis gögn, pappírar og bækur starfsmanna. Beðið er svara til baka frá FSRE.
Rætt var um gamlar og lúnar byggingar á bæjarstæðinu og þá sér í lagi „Gamla fjósið“ um hvað ætti að gera við þessar byggingar, rífa þær að flykka upp á þær. Þakplötur fuku af Gamla fjósinu sl. vetur og sköpuðu hættu heima á staðnum. Síðasta haust tóku hagaðilar sig saman sem eru á bæjarstæðinu á Hólum (háskólinn, kirkjan, Sögusetur ísl. hestsns, Þjóðminjasafnið, Byggðasafnið ofl.) og sóttu um í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða fyrir Hólastað og fengust rúmar 8 milljónir. Arna Björg Bjarnadóttir hefur verið ráðin sem verkefnisstjóri og það sem á meðal annars að gera er að hanna staðarímyndina. Það er verkefnahópur sem í sitja aðilar frá hagaðilum í verkefninu. Nokkrum hugmyndum hefur



verið velt upp og hvað mætti gera heima á hlaðinu á Hólum varðandi þær byggingar sem þar eru og þarfnaði viðhalds. Arna Björg er meðal annars búin að taka rýni hópaviðtöl með starfsmönnum í Ferðamáladeild varðandi þetta verkefni. Ein hugmyndin gæti verið að færa allan skólann niður á Hestasvæðið og nota gamla skólahúsið í aðra starfsemi t.d. ferðaþjónustu. Farið var að ræða Lagareldishúsið og færðist þá umræðan í næsta lið.

6. Samtal um aukið samstarf við Háskóla Íslands í tengslum við uppbyggingu á Lagareldishúsini á Sauðárkróki. Í byrjun þessarar viku voru fulltrúar Háskólans á Hólum boðaðir á fund í ráðuneytinu í tengslum við uppbyggingu á húsnæði háskólans á Sauðárkróki en einnig til að ræða aukið samstarf við Háskóla Íslands. Það varð úr að fundurinn snérist eingöngu um aukið samstarf og hugsanlega sameiningu HÍ við Háskólan á Hólum. Á fundinn fóru frá Háskólanum á Hólum Hólmfríður Sveinsdóttir, Einar Kristinn Guðfinnsson, Laufey Haraldsdóttir, Edda Mattíasdóttir og Sigfús Ingi Sigfússon, sveitarstjóri. Fundurinn var málefnalegur þar sem ræddar voru ógnir og tækifæri varðandi sameiningu og samstarf Háskólans á Hólum og Háskóla Íslands og fór meðal annars fram hópavinna um málið. Ráðuneytisfólkvið sem þarna var vildi að málið yrði unnið hratt og helst að Háskólarnir undirrituðu sem fyrst viljayfirlýsingum um að farið yrði í viðræður um fýsileika og möguleika á sameiningu háskólanna.
Háskólaráð ályktar héruð að það styðji að ritað verði undir viljalýsingum þessi efnis að fara í viðræður við Háskóla Íslands, varðandi möguleika á sameiningu, með áherslu á sérstöðu og fjölbreyttar greinar Háskólans á Hólum. Leggja skuli áherslu á mikilvægi þess að tengja rannsóknir, menntun og verklega framleiðslu hvað varðar staðsetningu Lagareldishússins. Mikilvægt að benda á fjárhagslegan styrk sjókvíeldisins, og að við Fiskeldisdeild Háskólans á Hólum sé verðmæt sérfraðiþekking starfsmanna sem er mikilvæg í þessu sambandi. Háskólaráð leggur áherslu á að það verði skrifað undir viljayfirlýsinguna heima á Hólum.
7. Kennsla og rannsóknir. Rætt var um starfsreglur skólans varðandi skipanir á deildarstjóra, hvernig þær virka og hvort rétt væri að útvíkka þær eða breyta á einhvern hátt og þá hvernig. Í Hestafræðideild er Elisabeth Jansen að hætta sem deildarstjóri 13.júní næstkomandi og verið er að vinna í að finna nýjan deildarstjóra. Þórarinn Eymundsson er tilbúin að bjóða sig fram á deildarfundi Hestafræðideilda til að taka að sér tímabundið að vera deildarstjóri þar til fundinn hefur verið aðili sem er tilbúin að bjóða sig fram í deildarstjórastöðuna til næstu tveggja ára. Þar sem Þórarinn er einungis í 25% starfshlutfalli sem reiðkennari og lektor biður rektor háskólaráð um að veita undanþágu frá starfsreglum skólans um að Þórarinn geti sinnt stöðunni tímabundið. Háskólaráð veitir undanþágu fyrir því að Þórarinn Eymundsson sinni tímabundið stöðu deildarstjóra frá 13. júní til allt að 1.október. Þessi undanþága er veitt þar sem samkvæmt starfsreglum háskólans er aðeins hægt að ráða sem deildarstjóra akademískan fastráðinn starfsmann sem er í 100% starfshlutfalli. Rætt um jákvæða og neikvæða þætti við að deildarstjórastaða rúlli á 2 ára fresti milli akademískra fastráðinna starfsmanna (í 100% stöðu) innan deilda, eins og starfsreglur háskólans kveða á um. Einnig var rætt um þau



verkefni innan Hestafræðideildar sem framundan eru í sumar hjá deildarstjóranum (Þórarni). Þau eru meðal annars inntökupróf, mannaráðningar og mótaðald á staðnum. Sveinn Margeirsson bendir á að starf deildarstjóra sé einnig að vera talsmaður deildarinnar útavið.

8. Kynningarmál /umsóknir um nám í skólann. Farið var af stað með átak í kynningarmálum í vor í samstarfi við fyrirtækið Pipar. Mikil aukning er í umsóknum í diplómanám í Fiskeldis- og fiskalíffræðideild, umsóknir í BS nám í reiðmennsku og reiðkennslu eru heldur fleiri en í fyrra en umsóknir í nám í Ferðamáladeild eru heldur færri samanborið við árið í fyrra. Áfram verður hægt að sækja um nám í Ferðamáladeild og Hestafræðideild fram til 1. ágúst en lokað verður á frekari umsóknir í Fiskeldis- og fiskalíffræðideild.
9. Önnur mál. Brautskráning verður á morgun og munu 45 nemendur brautskrást frá Háskólanum á Hólum.

Fundi slitið um kl. 18:30